

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *30. Fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 12. janúar 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 8. des.
3. Erindi frá Péttri B. Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs.
4. Bréf íbúa vegna lokunar sundlaugarinnar.
5. Fulltrúar frá Landafélaginu mæta til fundarins.
6. Skipulagsfulltrúi.
7. Fundargerð Skólanefndar dags. 5. des.
8. Vatnajökulsþjóðgarður, hugsanleg sameining hans, Þjóðgarðsins á Þingvöllum og náttúruverndarsvæða Umhverfisstofnunar, í eina stofnun.

Til kynningar:

- Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 6. des.
- Fundargerð Brunavarnarnefndar dags. 6. des.
- Fundargerð Heilbrigðisnefndar Ne. dags. 7. des.
- Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 16. des.
- Fundargerð samráðshóps v/ráðningar skipulagsfulltrúa.
- Bréf UMFÍ dags. 3. jan.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Birgir Steingrímsson, Pétur Snæbjörnsson, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að gerð væri breyting á röðun dagskrárliða þannig að liður fimm verði númer tvö.
Samþykkt samhljóða.

2. Fulltrúar frá Landafélaginu mæta til fundarins.

Undir þessum lið var farið yfir lýsingu á deiliskipulagi í landi Arnarvatns en sveitarstjórn hafði áður hafnað skipulagslýsingu. F.h. Landafélagsins mætti Vilhjálmur Sigurðsson, Egill Olgeirsson og Per Christensen frá Mannviti og Bergþóra Eysteinsdóttir, Hólfríður Jónsdóttir, Hörður Halldórsson og Kolbjörn Arnljótsson f. h. Landeigenda á Arnarvatni.

Vilhjálmur fór yfir hugmyndina að hótélbyggingu í Mývatnssveit sem hafi verið sjö til átta ár í þróun. Aðalhvatinna að hugmyndinni var að erlendar ferðaskrifstofur teldu að verulega skorti á gistirými í Mývatnssveit yfir sumarið og við því yrði að bregðast. Stefnt er að byggingu þriggja stjörnu, áttatíu herbergja hótels. Fyrir liggur leigusamningur við eigendur Arnarvatns til 99 ára. Búið er að tryggja fjármögnun og væntingar eru til þess að starfsemi geti hafist vorið 2013.
Viðkomandi munu senda nýja skipulagslýsingu til umfjöllunar.

3. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 8. des.

Í orðum lið fundargerðarinnar er farið yfir uppgjör fjallskila 2011. Fram kemur að einn fjallskilareikningur hafi borist vegna Suðurafréttar og var hann samþykktur. Fjöldi fjár á Suðurafrétti var 835 og fjallskilasjóðsgjald pr. kind kr. 8,15. Einungis ein gangnaskýrsla hefur borist og er hún frá gangnaforingja Norðurfjalla. Telur nefndi að æskilegt sé að gangnaforingjar skili skýrslum eins og vera ber. Girðingargjald pr. kind er kr. 346, en var kr. 190,- árið 2010.

Í þriðja lið fundargerðarinnar segir frá því að Ingi Þór Yngvason hafi mætt til fundarins til að ræða grenjavinnslu, minkaveiðar og vargeyðingu almennt.

Fundarmenn voru sammála um að æskilegt væri að horfa á þessar veiðar út fyrir sveitarfélagamörk. Í ljósi nýsamþykkrar verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá og þeirra markmiða sem þar eru sett fram um vargeyðingu gerir Atvinnumálanefnd að tillögu sinni að teknar verði upp viðræður við Umhverfisstofnun/Umhverfisráðuneyti og Þingeyjarsveit um stofnun stöðu meindýraeyðis í fullt starf sem sinni veiðum á ref, mink og vargfugli innan sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts. Telur nefndin eðlilegt að kostnaðarskiptingin verði með þeim hætti að sveitarfélagin greiði 25% hvort og ríkið 50%.

Sveitarstjórn var búin að samþykkja annan lið fundargerðarinnar með tölvupósti og staðfestist það hér með.

Sveitarstjórn samþykkir þriðja lið fundargerðarinnar, og fagnar framkominni tillögu. Sveitarstjóra falið að óska eftir viðræðum við Þingeyjarsveit og ráðuneytið um málið. aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

4. Erindi frá Pétri B. Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs.

Með bréfi dags. 21. des. óskar Pétur Bjarni Gíslason f.h. Fuglasafnsins að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að vegurinn að safninu verði lagfærður hið fyrsta. Fuglasafnið er vinsæll áningarstaður ferðamanna. Vegurinn að safninu er lélegur og

ber ekki þá auknu umferð sem um hann fer. Við slysi hafi legið í sumar þegar tvær rútur reyndu að mætast á veginum en við það gaf sig kantur undan annarri. Þá er vegurinn varasamur í bleytu.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir viðræðum við Vegagerðina um málið.

5. Bréf íbúa vegna lokunar sundlaugarinnar.

Með bréfi dags. 3. janúar og undirritað er af nítján íbúum sveitarfélagsins er óskað eftir því að sveitarfélagið endurskoði þá harkalegu aðgerð að loka sundlauginni fyrstu þrjá mánuði nýs árs og að farið verði gaumgæfilega ofan í rökin sem að baki liggja. Telja þau það afar mikilvægt að íbúum sé gert kleift að stunda sund ekki síður en aðrar íþróttagreinar. Leggja þau til að í stað þess að loka alveg verði sundlaugin opin að lágmarki tvisvar í viku, 2-3 klst. í senn. Dapurlegt sé til þess að vita að á þrítugasta afmælisári sundlaugarinnar skuli svona vera komið.

Sveitarstjórn þykir miður að grípa hafi þurft til þessara aðgerða. Hins vegar var talið að þessi niðurskurður væri sársaukaminnstur af öllum þeim niðurskurðartillögum sem ræddar voru við síðustu fjárhagsáætlunargerð. Áætlaður sparnaður vegna lokunarinnar er 1,2-1,5 milljónir króna. Sveitarstjórn mun kanna hvort og þá með hvaða hætti, hægt væri að koma til móts við óskir íbúana.

6. Skipulagsfulltrúi.

Málið kynnt og afgreiðslu frestað.

7. Fundargerð Skólanefndar dags. 5. des.

Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við.

8. Vatnajökulspjóðgarður, hugsanleg sameining hans, Þjóðgarðsins á Þingvöllum og náttúruverndarsvæða Umhverfisstofnunar, í eina stofnun.

Böðvar vakti athygli á málinu. Sveitarstjórn minnir á bráðabirgðaákvæði 4 í lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007, en þar segir: „Ákvæði laga þessara um stjórnfyriřrkomulag Vatnajökulspjóðgarðs skulu eigi síðar en 1. janúar 2013 endurskoðuð í samstarfi ríkis og sveitarfélaga“.

Sveitarstjórn lýsir sig reiðubúna til viðræðu við ráðuneytið um þetta málefni, svo fljótt sem verða má.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Birgir Steingrímsson,

Pétur Snæbjörnsson,

Friðrik K. Jakobsson.